

Fimmtudaginn 9. maí 1996.

Nr. 137/1995.

**Ingi S. Helgason og
Árný Arnþórsdóttir**

(Sigmundur Hannesson hrl.)

gegn

Margeiri Margeirssyni

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

Kaupsamningur. Hlutfélög. Aðildarskortur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1995. Þau krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að málið verði tekið til áframhaldandi meðferðar fyrir héraðsdómi um kröfur þeirra á hendur stefnda. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir héraðsdómi var ákveðið að skipta sakarefninu í málinu á þann veg, að fyrst yrði tekin afstaða til varna stefnda, sem væru reistar á aðildarskorti, en geymt yrði að fjalla um aðrar varnir hans, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með hinum áfrýjaða dómi var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjenda vegna aðildarskorts.

Í málinu krefjast áfrýjendur efnda á kaupsamningi frá 5. febrúar 1992, þar sem stefndi keypti ásamt öðrum manni „í nafni óstofnaðs hlutfélags“ nánar tilgreind áhöld, tæki og búnað til veitingareksturs. Samkvæmt tilkynningu, sem barst Hlutfélagaskrá 6. mars 1992, stofnaði stefndi ásamt öðrum félagið Tigulgosann hf. 4. sama mánaðar. Í tilkynningunni greinir, að tilgangur félagsins sé meðal annars veitingarekstur. Heldur stefndi því fram, að þetta sé félagið, sem vísað sé til með framangreindum hætti í kaupsamningnum við áfrýjendur.

Líta verður svo á, að áfrýjendur hafi samþykkt með fyrrgreindu orðalagi kaupsamningsins, að óstofnað hlutfélag á vegum stefnda

væri í reynd viðsemjandi þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. þágildandi laga um hlutafélög nr. 32/1978 bar stefndi að vísu persónulega ábyrgð á efndum kaupsamningsins við gerð hans, enda hafði félagið þá ekki verið stofnað. Við skráningu tók félagið hins vegar við skyldum samkvæmt samningnum, svo sem ráða má af undirstöðurökum reglunnar í síðari málslíð áður nefnds lagaákvæðis, en á þeim tíma voru skuldbindingar kaupanda ekki fallnar í gjalddaga. Samkvæmt því og með vísan til þeirra röksemda, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, verður staðfest sú niðurstaða héraðsdómara, að þar með hafi stefndi losnað undan ábyrgð sinni á efndum samningsins.

Samkvæmt framangreindu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Verður áfrýjendum gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ingi S. Helgason og Árný Arnþórsdóttir, greiði sameiginlega stefnda, Margeiri Margeirssyni, 125.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. janúar sl., er höfðað fyrir dóminum af Árnýju Arnþórsdóttur, Faxatúni 18, Garðabæ, og Inga S. Helgasyni, sama stað, gegn Margeiri Margeirssyni, Stapaseli 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. febrúar 1994.

Kröfur stefnenda í málinu eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld, að fjárhæð 3.000.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 1.000.000 kr. frá 5. mars 1992 til 5. júní 1992, en af 3.000.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þess er einnig krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 5. mars 1993, en síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Krafa stefnda er sú, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda í málinu. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi þeirra samkvæmt 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að við bættum virðisaukaskatti samkvæmt lögum nr. 50/1988 og fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Við aðalmeðferð málsins 25. janúar sl. var ákveðið með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að skipta sakarefninu þannig,

að fyrst yrði leyst úr þeim þætti málsins, sem snýr að ágreiningi um aðild. Af hálfu stefnenda var þá gerð sú krafa, að sýknukröfu stefnda vegna aðildarskorts yrði hrundið í þessum þætti málsins og að málið fengi á síðari stigum aðra efnislega meðferð í samræmi við kröfur stefnenda í málinu, enn fremur, að stefnendum yrði dæmdur málskostnaður við úrlausn málsins. Af hálfu stefnda var ítrekuð krafa um sýknu, og var í því sambandi vísað til þess, að stefndi væri ekki réttur aðili að málinu, og bæri því að sýkna hann með vísan til 16. gr. laga um meðferð einkamála.

Málavextir og ágreiningsefni.

Með kaupsamningi, dags. 5. febrúar 1992, seldu stefnendur áhöld, tæki og búnað til veitingareksturs ásamt hljómlutningstækjum, hátölurum, ljósabúnaði og öðru tilheyrandi rekstrinum í húsnæði að Ármúla 5 í Reykjavík. Kaupendur samkvæmt samningnum voru stefndi, Margeir Margeirsson, og Björgvin Ólafsson „í nafni óstofnaðs hlutafélags“. Kaupverð var 3.000.000 kr., og var greidd við afhendingu 1.000.000 kr. Þegar upp kom síðar, að fyrri eigandi sömu tækja og áhalda hafði selt þau öðrum, varð samkomulag með aðilum máls þessa, að stefnendur endurgreiddu stefnda 1.000.000 kr., en kaupverð skyldi síðan greiða, þegar staðfesting lægi fyrir um það, að ekki ættu aðrir tilkall til hinna seldu muna en stefnendur. Voru af hálfu þriðja aðila gerðar kröfur um innsetningu í umrædda muni, en þær náðu ekki fram að ganga samkvæmt úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur frá 22. apríl 1992 og úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 11. nóvember sama ár.

Stefnendur hafa höfðað mál þetta á hendur stefnda til innheimtu á kaupverði samkvæmt ofangreindum kaupsamningi. Stefndi hefur hafnað greiðsluskyldu, en hann telur sig ekki skulda stefnendum persónulega umrædda fjárhæð, heldur hlutafélagið, sem stofnað var 4. mars 1992 um reksturinn í ofangreindu húsnæði. Í öðru lagi er því haldið fram af hálfu stefnda, að kaupverðið væri þegar greitt með skuldajöfnuði við gjaldfallnar leiguskuldir stefnenda af veitingahúsnæðinu við eigendur þess, en eins og áður er komið fram, var ákveðið að hvíla það ágreiningsefni, þar til leyst væri úr ágreiningi um aðild.

Málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir vísa til.

Í málinu er af hálfu stefnenda því fram haldið, að umræddur kaupsamningur væri milli stefnenda annars vegar og stefnda og Björgvins Ólafssonar hins vegar. Stefnendur eigi lögvarða kröfu um endurgjald fyrir þau áhöld, tæki og búnað, sem kaupsamningur kveði á um. Af hálfu kaupenda hafi samningurinn verið vanefndur, en stefndi beri persónulega ábyrgð á efndum. Þótt stefndi beri því við, að samningurinn væri gerður í nafni óstofnaðs hlutafélags, leiði 12. gr. laga um hlutafélög til þess, að stefndi beri ábyrgð á

skuldbindingum kaupanda samkvæmt kaupsamningnum. Stefnendur ættu ekki kröfu á hendur hinu óskráða hlutafélagi, enda væri berum orðum tekið fram í lagagreininni, að óskráð hlutafélag geti hvorki öðlast réttindi né tekið á sig skyldur. Einnig væri þar tekið fram, að þegar löggerningur væri gerður fyrir skráningu hlutafélags, bæru þeir, sem tekið hefðu þátt í gerningnum, persónulega ábyrgð á efndum. Þá hafi stefnendur ekki samþykkt hlutafélagið sem aðila að samningnum, en samkvæmt meginreglu um skuldaraskipti væri skilyrði þess, að þau færu fram, að kröfuhafi samþykkti nýjan skuldara.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hlutafélagið Tigulgosinn hf. hafi tekið við skuldbindingum kaupanda samkvæmt umræddum kaupsamningi. Félagið hafi verið stofnað gagnert um rekstur veitingastaðarins. Í tilkynningu til Hlutafélagaskrár vegna stofnunar hlutafélagsins komi fram, að tilgangur félagsins sé veitingarekstur. Félagið hafi tekið við tækjum og áhöldum, sem keypt voru samkvæmt samningnum, og notað þau við veitingareksturinn. Hlutafélagið hljóti því að greiða kaupverðið sem kaupandi þeirra. Stefnendur hafi undirritað kaupsamninginn og þar með samþykkt hið óskráða félag sem kaupanda, en félagið hafi tekið við skuldbindingum samkvæmt samningnum við skráninguna, sem var u. þ. b. mánuði eftir, að kaupin fóru fram, og hafi stefnendur vitað um það.

Af hálfu stefnda var því mótmælt við munnlegan málflutning, að sú málsástæða stefnenda kæmist að í málinu, að 12. gr. hlutafélagalaga ætti við um sakarefnið, þar sem hún væri of seint fram komin. Sama eigi við um reglur um skuldaraskipti, en þeirri málsástæðu var einnig mótmælt af hálfu stefnda sem of seint fram kominni.

Niðurstöður.

Kröfur stefnenda í málinu eru reistar á kaupsamningi, dags. 5. febrúar 1992, sem gerður var, áður en skráning hlutafélagsins fór fram, en það var skráð 6. mars sama ár. Fram kemur í kaupsamningnum sjálfum, að kaupendur gerðu hann í nafni óskráðs hlutafélags. Kröfur stefnenda eru studdar þeim rökum, að stefndi beri ábyrgð á efndum kaupsamningsins samkvæmt 12. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978, sbr. 15. gr. núgildandi laga um hlutafélög nr. 2/1995, en lagagreinar þessar eru samhljóða. Skiptir ekki máli, þótt þau rök stefnenda hafi ekki komið fram fyrir en við munnlegan málflutning.

Í umræddri lagagrein kemur fram, að óskráð félag taki við þeim skyldum, sem stofnað var til fyrir skráningu og leiði af stofnsamningi eða félagið hafi tekið á sig eftir stofnfund. Í greinargerð með frumvarpi, sem varð að lögum nr. 32/1978, kemur fram, að ástæðan fyrir því, að skyldur verði að leiða af stofnsamningi, sé sú, að ekki þygi eðlilegt, að áskriftaraðilar þurfi að setta

sig við, að félag taki við öðrum skyldum en þeim, sem fram komi í stofnsamningi. Ekki sé ástæða til að taka tillit til þess, að viðsemjandi kunni að fá lakari réttarstöðu við að fá hlutafélag sem samningsaðila í stað ótakmarkaðrar ábyrgðar þeirra, er tóku þátt í samningi, enda hafi viðsemjanda verið kunnugt um, að hann ætti skipti við hlutafélag í stofnun. Hann öðlist því þann rétt við skráningu, sem hann mátti búast við, er samningur var gerður. Þykir því rétt að túlka umrædda lagagrein svo, að hlutafélagið hafi tekið við skyldum kaupanda samkvæmt kaupsamningnum við skráningu félagsins. Verður með vísan til þessa og 2. mgr. 16. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 að sýkna stefnda í máli þessu, þar sem hann er ekki réttur aðili að því, heldur hlutafélagið.

Rétt þykir, að stefnendur greiði stefnda málskostnað, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem þykir hæfilega ákveðinn 170.000 kr. og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Margeir Margeirsson, skal sýkn vera af kröfum stefnenda, Árnýjar Arnþórsdóttur og Inga S. Helgasonar, í máli þessu.

Stefnendur greiði stefnda 170.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur.
